



Tegund eignar : Sérhæð

Bæjarfélag / Hverfi :
Torrevieja

!zona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Sjávarútsýni

Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar : 102,76 m²

Stærð verandar : 19,53 m²

Stærð þaksvala : 73,25 m²

Flugvöllur : 40

Strönd : 2

Borg : 2

Golf : 15

- ✓ Hiti í gólf
- ✓ Lyfta
- ✓ Loftkæling

- ✓ Hleðlustöð fyrir rafbíla
- ✓ Verönd

- ✓ Öryggiskerfi
- ✓ Þaksvalir

Stórkostlegar íbúðir í nýjum afgirtum íbúðarkjarna aðeins 250 metrum frá ströndinni í líflegu borginni Torrevieja og öll nauðsynleg þjónusta og affreying s.s. matvöruverslanir, veitingahús, barir, bankar og apótek í göngufæri, að auki er ekki nema 10 mín keyrsla í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og Zenia Boulevard.

Þessi glæsilega íbúð er á efri hæð í nýju raðhúsi, hún er 102,76m² að stærð með glæsilegri hjónasvítu en hún er með sér baðherbergi með hita í gólfum og fataherbergi, að auki er annað rúmgott svefnherbergi með innbyggðum fataskáp og baðherbergi með hita í gólf. Mjög stórar þaksvalir fylgja einnig íbúðinni þar sem útsýnið svikur engan, sem og góðar svalir, einnig fylgir bílastæði í bílarkjallara og aðgangur að stórglæsilegum sameiginlegum garði með 3 sundlaugum og aðstöðu til líkamsræktar og leiksvæði fyrir börn.

Erum einnig með 3 svefnherbergja íbúðir á efri hæð í þessum glæsilega nýja íbúðarkjarna.

Stutt er jafnframt að rölta til hafnarinnar í Torrevieja, en þar má meðal annars finna glæsilega veitingastaði, tívoli, báta, sæþotu leigur og kafbátasafnið í Torrevieja. Ekki sakar að tylla sér niður á rúmgóða verönd eins hinna fjölmörgu veitingastaða eða bara sem eru við höfnina og njóta þar síns uppáhalds kokteils í góðum félagsskap - með óhindrað útsýni til sjávar þar sem milt veðurlagið gerir alla daga að góðum dögum.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum frægu salt vötnum Torrevieja/La Mata, heimili hinna bleiku flamenco fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallelgrar náttúru og lífríkis. Auk þess er ekki úr vegi að rölta á björtu síðdegi meðfram Playa les Ortigues ströndinni sem liggur milli Torrevieja og strandbæjarins Guardamar, en þessi strönd er verndað náttúrusvæði þar sem hinn einstaklega hlýja og ósnortna náttúra Miðjarðarhafsins fær að njóta sín. Strandlengja þar sem sandhólar, náttúrulegur gróður og dýraríki ráða ríkjum, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!

